



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 21. apríl 2025
2504208/999.00 PpM

Efni: Svar við fyrirspurn

Á 3211. fundi bæjarráðs var eftirfarandi umsagnarbeiðni vísað til skrifstofu áhættu- og fjárstýringar:

2504208 - Beiðni formanns bæjarráðs um yfirlit yfir þóknanir bæjarfulltrúa Kópavogsbæjar árið 2024

Frá formanni bæjarráðs, lögð fram beiðni þar sem óskað er eftir yfirliti yfir þóknanir bæjarfulltrúa Kópavogsbæjar fyrir störf þeirra árið 2024, brotið niður í þóknanir fyrir setu í bæjarstjórn, ráðum og nefndum.

Viðaukatillaga:

Til viðbótar við þær upplýsingar sem óskað er eftir í upprunalegri tillögu, verði jafnframt veitt yfirlit yfir þóknanir til handa fulltrúum í öðrum nefndum, ráðum og stjórnnum sem bæjarstjórn Kópavogs skipar fulltrúa í, svo sem stjórnnum byggðasamlaga, stjórn skíðasvæðanna og svæðisskipulagsnefnd.

Yfirlitið skal ná yfir alla fulltrúa, óháð því hvort þeir séu jafnframt bæjarfulltrúar, og sundurliðast eftir setu í hverju og einu ráði, nefnd eða stjórn.

Sigurbjörg E. Egilsdóttir

Bæjarráð vísar erindinu til skrifstofu áhættu- og fjárstýringar og óskar eftir að upplýsingarnar, bæði tillagan og viðaukatillagan verði tilbúnar fyrir næsta fund bæjarstjórnar.

Beiðnin var unnin þannig að upplýsingar voru fengnar úr launakerfi bæjarins án launatengdra gjalda. Þá var fyrirspurn send á Sorpu bs, Strætó bs., SHS, SSH og heilbrigðiseftirlitið og koma þær upplýsingar frá þeim aðilum. Ekki reyndist unnt að fá umbeðnar upplýsingar í tæka tíð fyrir fund bæjarstjórnar þann 8. apríl s.l. og eru þær því lagðar fram á 3213. fundi bæjarráðs.

Umbeðnar tölulegar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali vegna umfangs þeirra.

Eru upplýsingarnar lagðar fram til upplýsinga í bæjarráði í samræmi við fyrirspurn ráðsfulltrúa.



Virðingarfyllst,

Ingólfur Arnarson
Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar

Fylgiskjal:
Nefndarlaun-2024 Samantekt_21042025

